

Nd.

85. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga nr. 48 4. júní 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverzlun, og breyting á þeim lögum.

Flm.: Hannes Jónsson.

1. gr.

Lög nr. 48 4. júní 1924, um gengisskráningu og gjaldeyrisverzlun, skulu vera í gildi, þar til önnur skipun verður á gerð, með þeim breytingum, sem hér segir:

a. Niðurlag 1. gr. laganna orðist svo:

 Ber nefndinni að skrá gengi krónunnar með það fyrir augum, að höfuð-
atvinnuvegir þjóðarinnar, landbúnaður og sjávarútvegur, fái borið sig fjár-
hagslega.

b. 2. gr. laganna orðist svo:

Í nefndinni eiga sæti 5 menn. Skipar fjármálaráðherra einn nefndarmann, og sé hann formaður nefndarinnar, tveir skulu skipaðir af bönkununum, Landsbankanum og Útvegsbankanum, sinn af hvorum, einn af stjórn islenzkra botnvörpuskipaeigenda í Reykjavík og einn af stjórn Sambands islenzkra samvinnufélaga. Nefndin er bundin þagnarskyldu.

c. 7. gr. laganna orðist svo:

Kostnað við nefndarstörf greiðir rikissjóður að $\frac{3}{5}$, en Landsbankinn og Útvegsbankinn að $\frac{1}{5}$ hvor. Fjármálaráðuneytið úrskurðar þá reikninga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 9 27. maí 1925.

Greinargerð.

Lögin um gengisskráningu og gjaldeyrisverzlun voru sett 1924 og aukin 1925. Frv. snertir aðeins annað atriði laganna, gengisskráninguna.

Eftir lögnum er gengisskráningin raunverulega í höndum bankanna tveggja, Landsbankans og Útvegsbankans.

Upphaflega voru aðeins 3 menn í nefndinni, sinn maður, er hvor bankanna tilnefndi, og einn maður skipaður af rikisstjórninni.

Með breytingu þeirri, sem gerð var á skipun nefndarinnar 1925, var 2 mönnum bætt við í nefndina, sínum fyrir hvorn höfuðatvinnuveg þjóðarinnar, landbúnaðinn og sjávarútveginn, en þeir voru látnir hafa aðeins tillögurétt, svo að gengisskráningin var eftir sem áður raunverulega í höndum bankanna.

Ágreiningur varð um það þegar á þinginu 1925, hvort fulltrúar atvinnuveganna í gengisnefndinni ættu að fá atkvæðisrétt í nefndinni. Meiri hluta álits þingsins varð þó það, að þeir hefðu aðeins tillögurétt.

Ágreiningurinn um atkvæðisrétt fulltrúa atvinnuveganna er í raun og veru djúptækari en í fljótu bragði getur virzt. Það er ágreiningur um það, hverjir aðilar það eru, sem mestu eiga að ráða og mest tillit eigi að taka til við verðskráningu krónunnar. Gengi krónunnar snertir stundarhag einstakra aðilja innan þjóðarheildarinnar misjafnlega.

Þjóðinni má skipta í tvo flokka í þessu sambandi, framleiðendur og neytendur. Aðra skiptingu má einnig gera, sem tekur til mikils þorra þjóðarinnar. Það er fjáreigendur, einkum sparifjáreigendur, og skuldarar, einkum þeir, sem atvinnu reka, þ. e. þeir, sem ávaxta sparifjáreignina og annað fé, sem haft er til útlána til atvinnurekstrar.

Þá má og telja rikissjóð og bankana sérstaka aðila í þessu sambandi, einkanlega með tilliti til skulda þeirra við útlönd.

Fjáreigendur, neytendur, rikissjóður og bankarnir munu telja sér a. m. k. stundarhag að því, að gengi krónunnar sé skráð sem hæst.

Hinsvegar eru framleiðendur. Þeim er það lífshagsmunamál, ekki beinlínis að krónan standi fremur lægra en hærra, heldur hitt, að hún sé skráð ekki hærra en raunverulegt gildi hennar er í viðskiptunum innanlands.

Framleiðendur hafa aðra aðstöðu en allir aðrir ríkisborgarar. Framleiðsla þeirra er það raunverulega verðmæti, sem allir framfærast af og allt annað verðmæti skapast af. Framleiðslan er því grundvöllurinn undir efnahagslífínu í öllu tilliti.

Framleiðslan, allt frá framleiðslu einyrkjans til stærstu framleiðslufyrirtækja, verður ekki rekin nema með tilkostnaði. Sá tilkostnaður þarf að fást goldinn að fullu með því andvirði, sem fyrir framleiðsluvörur fæst á sölu- markaði. Meginið af framleiðslu sjávarútvegsins og mikinn hluta af framleiðslu landbúnaðarins seljum vér utanlands, og söluverðið er ákveðið í mynt (verðmiðli) sölulandsins. Þegar hinum erlenda verðmiðli er breytt í islenzkar krónur til að ákveða hlut framleiðenda, þá þarf að gæta þess, að hlutföllin (gengið) á milli hins erlenda gjaldmiðils og islenzku krónunnar sé þannig, að framleiðandinn fái a. m. k. jafnmargar krónur fyrir hina seldu vöru eins og hann hefir kostað til að afla hennar. Ella er framleiðandinn með gengisskráningunni sviptur hluta af afrakstri sínum og gerður fjárhagslega ósjálfbjarga.

Það er þetta, sem gert hefir verið síðan verðfallið mikla dundi yfir islenzkar framleiðsluvörur á heimsmarkaðinum. Það var yfirsjón og ranglæti gagnvart framleiðendunum, að krónan var þá ekki látin falla tilsvareandi mikið gagnvart sterlingspundi, sem mest er notað við sölu islenzkra afurða erlendis. Það var afsakanlegt, þótt það væri ekki gert þá þegar, en það er yfirsjón, að ekki er búið að gera það nú, eftir að sjá mátti, að verðfallið myndi verða viðvarandi. Þess vegna eru aðalatvinnuvegir vorir, landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn, sem framleiða allar útflutningsvörur vorar, komnar í fjárhagslegt öngþveiti og öllum fjármálum þjóðar og einstaklinga þar með stefnt í voða, því á fjárhagsafkomu framleiðendanna byggist fjárhagur ríkisins og allra landsmanna.

Þegar neytendur, fjáreigendur, bankarnir eða ríkið eru að leitast við að halda krónunni í herra gengi en framleiðslan þolir, þá er horft of fast á augnablikshag, en lokað augunum fyrir afleiðingunum.

Þegar framleiðendur eru þrottnir fjárhagslega, þá verður skammær hagur neytendanna úr því. Þeir nærast allir óbeint á framleiðslunni. — Fjárhagur sparifjáreigenda, bankanna og ríkissjóðs verður á völtum fótum, þegar fjárhagsmáttur framleiðendanna er þrotinn. Þess vegna er það skammsýni af þessum aðilum að standa á móti því, að gengi krónunnar sé skráð í samræmi við raunverulegt gildi hennar fyrir framleiðandann.

Tvær leiðir eru sjáanlegar til viðreisnar á fjárhag aðalatvinnuveganna. Önnur er sú, að verðhækkun verði á isl. vörum. Um það er okkur að mestu ósjálfrátt. Sjálfsgagt er þó að gera allt, sem unnt er, í þá átt, m. a. með því að leita að nýjum mörkuðum og á annan hátt að dreifa framleiðslunni sem mest að unnt er.

Hin leiðin er sú, að skrá gengi isl. krónu því verði, sem er hennar raunverulega verð gaguvarnt framleiðslunni. Það er oss sjálfrátt.

Báðar þessar leiðir á að nota samtímis.

Af því, sem hér hefir verið stuttlega rakið, er það auðsætt, að það eru fulltrúar atvinnuveganna í gengisnefnd, sem raunverulega ættu mestu að ráða um gengisskráninguna. Fulltrúar bankanna ættu að geta litið á þörf atvinnuveganna

með viðsýni og skilningi, án þess þó að verða þeim eftirlátir um of, ef þeir vildu ganga of langt, enda má telja rétt, að bankarnir eigi fulltrúa í nefndinni, vegna þess, að ætla verður þeim að taka af smáar og skammar bylgjur í verðlaginu. Rétt verður og að telja, að ríkisstjórnin hafi fulltrúa í nefndinni.

Til mála gæti komið að skipa fleiri menn í nefndina, eða að nefndin væri skipuð af öðrum aðilum en nú er. Flm. hefir þó ekki gert tillögu um það, með því að slíkt gæti þótt orka nokkurs tvímælis og gæti valdið ágreiningi, sem spillti fyrir aðalefni frv.